

Lesist sitjandi

Ánægður í Hafnarfjarðarleikhúsinu

Í síðustu viku steig leikarinn Kristján Franklín aftur á svið eftir nokkurra ára hlé en hann leikur nú í Meistararúm og Margaríta sem er í leikstjórn Hilmars Jónssonar. „Frumskýningin gekk glimrandi vel,“ segir Kristján. „Það hefur verið virkilega skemmtilegt að vinna í Hafnarfjarðarleikhúsinu.“

Söguviðið í Meistararúm er Moskva á síðustu öld: „Bókin var skrifuð sem ádeila á það kerfi sem var í Sovétríkjunum á sínum tíma en í leikgerðinni er ekki lagt sérstaklega upp úr að ná í skottið á því. Rauði þráðurinn er sú græðgi

Vikan sem var

KRISTJÁN FRANKLÍN

■ leikur í Meistararúm og Margaríta í Hafnarfjarðarleikhúsinu. Verkið var frumsýnt á miðvikudaginn í síðustu viku.

sem veður uppi í samfélaginu okkar nú á tímum og er að einhverju leyti afsprengi frjáls-hyggjunnar.“

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem Kristján kemst í tengsl við Moskvu. „Ég dvaldi um tíma þar í borg til að læra leikstjórn,“ segir Kristján en hann lék þar einnig í



KRISTJÁN FRANKLÍN

Er kominn aftur á sviðið eftir tveggja ára hlé frá leikhúsunum.

sýningu Borgarleikhússins á verkinu Feður og synir fyrir nokkrum árum. „Ég er mjög hrifinn af leiklistarlífinu í Moskvu og það er alltaf gaman að sjá hvað er að gerast hinum megin borðsins.“ ■

Fréttir af fólki

Ný stjórn Norðurljósa virðist nokkuð jákvæðari gagnvart verkum Baltasar Kormáks en hin eldri. Nýlega var tilkynnt að Norðurljós hefðu tryggt sér sýningar-réttinn á *Dis* og *Mýrinni* sem eru næstu tvær myndir frá *Sögn ehf.*, sem er í eigu Baltasar. Gamla stjórnin hins vegar vildi víst ekki kaupa sýningar-réttinn á *Hafinu*, þar sem þeim fannst handritið of lélegt. *Hafið* var tvímælaust mynd ársins 2002 og hlaut meðal annars *Edduverðlaunin* sem mynd ársins og kvikmyndahandrit ársins.

1	2	3	4
5		6	
7		8	
	9		
10	11	12	
13	14	15	
16		17	
	18		

Lárétt: 1 sjö dagar, 5 fæða, 6 hvað?, 7 hollenskir einkennisstafir, 8 herbergi, 9 hæð, 10 keyr, 12 eins og 5, 13 sjór, 15 hljóm, 16 þúkar, 18 maður.
Lóðrétt: 1 þarf að leysa, 2 slæm, 3 íþróttafélag, 4 verkfæri smíðs, 6 sagt í síma, 8 eyða, 11 ílát, 14 kveikur, 17 sölguð.

Lausan.
mál, 6 halló, 8 sóa, 11 kar, 14 rak, 17 ra.
Lóðrétt: 1 vandamál, 2 ill, 3 ka, 4 halla-
16 áer, 18 karl.
9 holl, 10 ak, 12 ala, 13 mar, 15 óm,
Lárétt: 1 vika, 5 ala, 6 ha, 7 ni, 8 sa,

Veistu svarið?

Svör við spurningum á bls. 6:

1. Wesley Clark.
2. Niels Ársæsson.
3. Stephane Peterhansel.



ÓLAFUR ELÍASSON

Hann er væntanlegur aftur í byrjun mars til að taka þátt í listamannspjalli.

Ólafur Elíasson sýnir í Hafnarhúsinu

Þetta er viðamesta og kostnaðar-samasta sýning sem Listasafn Reykjavíkur hefur staðið fyrir,“ segir Soffía Karlsdóttir, kynningarstjóri Listasafnsins, um sýningu Ólafs Elíassonar, *Frost activity* sem opnar í Hafnarhúsinu laugardaginn 17. janúar. Frá því í byrjun desember hefur Hafnarhúsið verið lokað vegna vinnu við uppsetningu verka Ólafs. Hann er nú sjálfur kominn til landsins til að reka smíðshöggjö á verkið.

Yfir sýningunni, sem verður í fjórum söllum Hafnarhússins, ríkir mikil dulúð og samkvæmt samkomulagi við listamanninn mun hún ekki koma fyrir sjónir almennings fyrr en á opnunardaginn sjálfan.

„Þessi sýning er ekki bara ávinningur fyrir Listasafn Reykjavíkur, heldur opnar hún

Myndlist

ÓLAFUR ELÍASSON

■ Sýning á verkum hans opnar í Listasafni Reykjavíkur - Hafnarhúsi laugardaginn 17. janúar.

gáttir fyrir íslenska listamenn,“ segir Soffía. „Að undirlagi Dorritar Moussaieff, sem sjálf hefur boðið listaverkasöfnunum til landsins af þessu tilefni, hefur verið skipulögð ferð á vinnustofur íslenskra listamanna og á söfn. Virtum ritstjórum, blaðamönnum og gagnrýnendum erlendra fjölmiðla sem hingað koma verður boðið með í þessa ferð en tilgangur hennar er að kynna fyrir þeim og lesendum þeirra íslenska myndlist.“ ■



Nýtt
helgarblað
DV

Í dag



20% afsláttur
af allri jólavöru
Golden Shell - 30% afsláttur
Stellið er hætt í framleiðslu,
takmarkað magn.

NÝTT KORTATÍMABIL

•Brúðargjafir •Söfnunarstell
•Gjafakort •Áletranir á glös

Kristall
Postulín

Bæjarlind 1-3, sími 544 40 44

Bæjarlind 1-3, sími 544 4044